

Reykjavík 13. desember 2021

Nefndasvið Alþingis

B.t. Efnahags og viðskiptanefnd

Efni: Athugasemd við Eftirlitsgjald í VI. kafla frumvarps til fjárlaga sbr. l. 99/1999.

Undirritaðir framkvæmdastjórar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Festu lífeyrissjóðs leggja það til að grundvöllur eftirlitsgjalds sem lagt er á lífeyrissjóði í samræmi við 9.tl. 5.gr. l.99/1999 verði eingöngu byggður á hlutfalli af eignum. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið verði 70% miðað við fast gjald og svo 30% miðað við hlutfall af eignum. Tillagan er ekki í samræmi við grundvöll álagningarstofns annarra eftirlitsskyldra aðila. Grundvöllur eftirlitsgjaldsins er hlutfall eigna hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum, lánafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum o.fl. Eins og tillagan er nú, er lagt til að minni lífeyrissjóðir greiði mun hærra hlutfall af eignum en stærri sjóðirnir.

- Fyrir liggur að eftirlit Seðlabanka Íslands Fjármálaeftirlits (SÍF) er áhættumiðað.
- Stærri lífeyrissjóðir eru þjóðhagslega mikilvægari en þeir minni. T.a.m. námu eignir þriggja stærstu sjóðanna 51,47% kerfisins í heild. SÍF og fleiri aðilar horfa því mjög til þeirra umfram þá minni.
- Það er ekki rétt að löggjafinn ákveði með lagasetningu hlutfallslega meiri kostnað á minni einingar.

Munurinn er sláandi og sem dæmi er lagt til í frumvarpinu að Lsj. bænda greiði kr. 10.692.788, en sjóðurinn telur 0,71% heildareigna en bæri 3,28% gjaldsins. Væri miðað við heildareignir þá yrði Lsj. bænda gert að greiða kr. 2.301.540.

Það er von undirritaðra að nefndin horfi til þessarar tillögu og hagi innheimtu gjaldsins eins og tíðkast nánast án undantekninga.

Hjálagt fylgir tafla með útreikningum byggðum á hlutfalli af eignum og mismun á tillögum í frumvarpinu og þeim sem lagt er til að hálfu undirritaðra.

Lífeyrissjóður	Skipting eigna	Eftirlitsgj. skv. eignum	Mismunur
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	20,41%	66.569.481	30.531.371
Lífeyrissjóður verslunarmanna	17,71%	57.754.054	24.369.480
Gildi - lífeyrissjóður	13,35%	43.555.602	14.444.910
Birta lífeyrissjóður	8,59%	28.009.461	6.578.321
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	5,85%	19.072.813	331.697

Almenni lífeyrissjóðurinn	5,41%	17.644.942	-666.370
Stapi lífeyrissjóður	5,17%	16.864.482	-1.211.904
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	5,03%	16.406.929	-1.531.728
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,64%	11.876.831	-4.698.219
Festa - lífeyrissjóður	3,61%	11.774.659	-4.769.636
Lífsverk lífeyrissjóður	2,15%	7.013.003	-5.097.984
Íslenski lífeyrissjóðurinn	2,05%	6.702.257	-5.315.192
Lífeyrissjóður bankamanna	1,59%	5.192.121	-6.370.761
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	1,52%	4.963.729	-6.530.405
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,23%	4.011.892	-7.195.730
Eftirlaunasj atvinnuflugmanna	0,87%	2.842.533	-8.013.099
Lífeyrissjóður bænda	0,71%	2.301.540	-8.391.248
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	0,45%	1.484.013	-4.462.690
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,28%	927.307	-4.851.822
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	0,24%	768.936	-3.462.522
Lífeyrissjóður Tannlæknafél Ísl	0,14%	448.550	-3.686.468
		326.185.134	

Eins og framgreindan tafla sýnir þá mun gjaldið hækka á stærstu sjóði landsins en lækka á þá minni verði miðað við hlutfall af eignum eins og lagt er til.

Virðingarfyllt,



Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri.
Festu lífeyrissjóði.



Sigurbjörn Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri.
Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.